

**S A M K O M U L A G**  
**fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs**  
**og**  
**Rafiðnaðarsambands Íslands vegna aðildarfélaga**  
**um breytingar á 7. kafla kjarasamnings um tryggingar**

**1. grein**

Kafli 7.1, um slysatryggingar, orðist sem hér segir:

**7.1 Slysatryggingar**

- 7.1.1 Starfsmenn skulu slysatryggðir allan sólarhringinn fyrir dauða eða vegna varanlegrar örorku. Um trygginguna gilda mismunandi bótafjárhæðir og tryggingaskilmálar eftir því hvort starfsmaður verður fyrir slysi í starfi eða utan starfs. Um skilmála trygginga þessara gilda sérstakar reglur, nr. 30/1990 og nr. 31/1990, sem fjármálaráðherra hefur sett.
- 7.1.2 Dánarslysabætur eru:
1. Ef hinn látni var ógiftur og lætur ekki eftir sig barn undir 18 ára aldrí og hefur ekki séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:

vegna slyss utan starfs	523.500 kr.
vegna slyss í starfi	523.500 kr.

Rétthafar þessara dánarbóta eru lögerfingjar.
  2. Ef hinn látni var ógiftur en lætur eftir sig barn (börn) undir 18 ára aldrí og/eða hefur sannanlega séð fyrir foreldri eða foreldrum, 67 ára og eldri:

vegna slyss utan starfs	1.603.600 kr.
vegna slyss í starfi	3.833.300 kr.

Rétthafar þessara dánarbóta eru foreldrar og börn. Taki báðir þessir aðilar bætur, rennur 1/3 hluti bóta til foreldra en 2/3 hlutar bóta skiptast milli barna að jöfnu.
  3. Ef hinn látni var í hjúskap eða í sambúð sem að öðru leyti má jafna til hjúskapar og sem staðið hefur a.m.k. í 2 ár samfellt fyrir andlát hans, skulu bætur til maka eða sambúðaraðila vera:

vegna slyss utan starfs	2.193.700 kr.
vegna slyss í starfi	6.255.700 kr.

Rétthafi dánarbóta þessara er viðkomandi maki eða sambúðaraðili
  4. Ef hinn látni lætur eftir sig barn undir 18 ára aldrí, til hvers barns:

vegna slyss utan starfs	523.500 kr.
vegna slyss í starfi	1.251.000 kr.

Stundi barn hins látna á aldrinum 18-25 ára nám á framhaldsskóla- eða háskólastigi í a.m.k. sex mánuði ársins er hinn tryggði andast, á það sama rétt til bóta.  
Rétthafar dánarbóta þessara eru viðkomandi börn. Bætur greiðast til fjárhaldsmanns ófjárráða barns.
  5. Með börnum í 2. og 4. tölulið er átt við kynbörn, kjörbörn, stjúpbörn, börn sambúðaraðila og fósturbörn, sem hinn látni var framfærsluskyldur við sbr. 53. gr. barnalaga nr. 76/2003.
  6. Bætur greiðast aðeins skv. einum af töluliðum 1, 2 eða 3. Til viðbótar við bætur skv. 2. og 3. tölulið geta komið bætur skv. 4. tölulið.

- 7.1.3 Tryggingarfjárhæðir vegna varanlegrar örorku eru:
- |                         |                |
|-------------------------|----------------|
| vegna slyss utan starfs | 4.216.900 kr.  |
| vegna slyss í starfi    | 11.125.400 kr. |
- Bætur greiðast í hlutfalli við tryggingarfjárhæðirnar, þó þannig að hvert örorkustig frá 26-50% vegur tvöfalt og hvert örorkustig frá 51-100% vegur þrefalt.
- 7.1.4 Framangreindar tryggingarfjárhæðir miðast við vísitölu neysluverðs í september 2004, 235,6 stig. Vísitolubinding bóta takmarkast við 3 ár frá slysdegi.
- 7.1.5 Verði ríkissjóður eða vinnuveitandi skaðabótaskyldur gagnvart vátryggða, skulu slysabætur skv. slysatryggingum þessum koma að fullu til frádráttar skaðabótum er honum kann að verða gert að greiða.

## 2. grein

Samkomulag þetta gildir frá undirskriftardegi um slys sem verða frá og með þeim degi. Um slys sem verða fram að þeim degi, gildir kjarasamningur aðila frá 1. júní 2004.

Reykjavík, 14. desember 2005

F.h. fjármálaráðherra

*Guðmundur H. Guðmundsson (sign.)*

F.h. Rafiðnaðarsambands Íslands  
vegna aðildarfélaga

*Guðmundur Gunnarsson (sign.)*

**Bókun  
með samkomulagi  
fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs  
og  
Rafiðnaðarsambands Íslands vegna aðildarfélaga  
um breytingar á 7. kafla kjarasamnings um tryggingar  
undirrituðu 12. desember 2005**

Upp hafa komið álitamál um hvert starfsmenn eigi að beina kröfu sinni vegna tjóns er þeir verða fyrir við framkvæmd starfs síns. Á þetta hefur einkum reynt þegar í hlut eiga starfsmenn sem í starfi sínu sinna meðferð einstaklinga sem að takmörkuðu eða jafnvel engu leyti geta borið ábyrgð á gerðum sínum.

Til að auðvelda starfsmönnum að koma fram með kröfur sínar eru aðilar sammála um eftirfarandi:

Starfsmaður sem í starfi sínu sinnir einstaklingi sem að takmörkuðu eða jafnvel engu leyti getur borið ábyrgð á gerðum sínum á rétt á að beina skaðabótakröfu sinni vegna líkams-eða munatjóns að launagreiðanda. Við mat og uppgjör kröfunnar gilda almennar reglur skaðabótarettarins.

Reykjavík, 14. desember 2005